

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 322/2022

2023/EES/48/33

frá 9. desember 2022

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2183 frá 25. ágúst 2021 um breytingu á V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um förmlega menntun og hæfi og heiti náms ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 D 2183:** Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2183 frá 25. ágúst 2021 (Stjtið. ESB L 444, 10.12.2021, bls. 16).“

2. gr.

Texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2021/2183, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 444, 10.12.2021, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.